

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Skálalæk í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 14. september 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Skálalæk í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Breytingin felst í að hámarksstærð húsa á lóðum undir 4500 m<sup>2</sup> verði 180 m<sup>2</sup> að meðtalinni geymslu. Á stærri lóðum verði hámarksstærð 250 m<sup>2</sup>. Byggingarefni verði frjálst, leyfð mænishæð 5 metrar og 3,8 metrar á geymslum. Ekki verður leyft að byggja einhallapök, valmapök, kúlupök eða bogapök.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grund, 16. desember 2005.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson** oddviti.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006